

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um forgangsörðun fjármuna í skólum**

Á fundi borgarráðs, 12. ágúst 2021, lagði áheyrnarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hvernig er fyrirkomulag varðandi forgangsörðun fjármuna hagað innan grunnskóla Reykjavíkurborgar varðandi framkvæmdir og viðhald grunnskólabygginga? Ef að skólabygging krefst t.d. mikils viðhalds, minnkar þá fjármagn til annarra þátta líkt og til sérkennslu og annarra úrræða sem þarf að hafa í kennslu? Er það á ábyrgð skólastjórnenda að forgangsraða eða fá skólastjórnendur það sem þeir þurfa á að halda?*

#### **Svar:**

Árlega er lögð fram viðhaldsáætlun fyrir það húsnæði sem skóla- og frístundasvið er leigutaki að hjá eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs borgarinnar. Forgangsörðun fer eftir alvarleika viðhaldsþarfar og kostnaði við viðhaldið. Gott samráð er milli skóla- og frístundasviðs annars vegar og eignaskrifstofu og umhverfis- og skipulagssviðs hins vegar.

Þar sem skóla- og frístundasvið er leigutaki húsnæðis þá ber sviðið ekki kostnað af viðhaldi húsnæðis. Þannig hefur viðhaldsþörf og viðhaldsframkvæmdir engin áhrif á fjárheimildir til sviðsins. Það er ekki á ábyrgð skólastjórnenda að forgangsraða viðhaldsverkefnum en reynt er að taka tillit til óska þeirra um viðhaldsþörf.

Grunnskólar fá úthlutað fjármagni til að sinna tilfallandi minniháttar lagfæringum á húsnæði og endurnýjun búnaðar.